FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

# Áfangalýsing FAS

| | |
|---|---|
| **Titill** | Opnir dagar |
| **Námsgrein:** | Þemavinna |
| **Viðfangsefni:** | Skapandi hópastarf, virkni og frumkvæði |
| **Skammstöfun:** | ÞEMA1OD01 |
| **Þrep:** | 1 |
| **Einingafjöldi:** | 1 |
| **Lýsing:** | Opnir dagar eru skipulagðir innan skólans sem sjálfstæð og einingabær vinna. Á þeim tíma leggst hefðbundin kennsla niður og nemendur vinna í hópum við valin viðfangsefni í þrjá daga (20 klst). Viðfangsefnin ákveða nemendur í samráði við skólann með góðum fyrirvara og undirbúningur hefst strax við upphaf annar. Nemendur skipuleggja og sjá um framkvæmd viðfangsefna á opnum dögum og eru kennarar þeim til aðstoðar og til að veita leiðbeiningar. |
| **Forkröfur:** | Engar |
| **Þekkingarviðmið:** | Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br>• mikilvægi undirbúnings og þátttöku til að ná árangri sem einstaklingur<br>• óhefðbundnu skólastarfi og margvíslegum tækifærum sem því fylgja til náms og þroska<br>• mikilvægi vinnu, skipulags og útsjónarsemi til að útbúa vel heppnaðan viðburð |
| **Leikniviðmið:** | Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br>• vinna með öðrum að settu markmiði<br>• skipuleggja tíma sinn<br>• koma fram af einlægni |
| **Hæfniviðmið:** | Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:<br>• taka ábyrgð á eigin vali<br>• hafa áhrif á þróunar- og undirbúningsstarf<br>• sýna tillitssemi, hlusta á ólík sjónarmið og komast að niðurstöðu<br>• sýna framkomu sem hæfir við mismunandi aðstæður |
| **Námsmat** | Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá. |